

GÓÐ KENNSLA

Jarðfræði. Landafræði. Saga. Framtíð.

I

Erindi Einars Magnússonar, menntaskólakennara, „land og saga” eru með því besta, sem ég hefi heyrt útvarpið flytja, og er gott til þess að vita, að nemendur menntaskólans skuli njóta kennslu manns, sem kann svona góð skil á því, sem miðar til að gera bæði sögu- og landfræðinámið auðveldara og gagnlegra. E. M. tók vel fram hina miklu hraðaaukningu, sem verður í framvindusögu menningarinnar og þekkingarinnar á jörðinni, enda er það mikið og merkilegt íhugunarefni. Fyrst stendur svo hundruðum áramilljóna skiptir, á tilrauninni til að skapa manninn, veruna, sem á að þroskast svo, að hún geti tekið að sér að stjórna rás viðburðanna hér á jörðinni, og stilla svo til um framvinduna, að hún verði í samræmi við farsæla framrás sköpunarinnar í alheimi. Og þegar svo loksins maðurinn er orðinn til, líða nokkrum sinnum hundrað þúsund ár, án þess að honum fari verulega fram. Til skamms tíma, að heita má, var jafnvel hinum fróðustu og víðförlustu, mestur hluti jarðarinnar með öllu ókunnur; og enn, 2000 árum eftir að hinn ágæti Heródót hafði ekki viljað trúá sjómönnunum, sem fyrstir sigldu suður um Afríku, og sögðu að þeir hefðu haft sólina í norðri í hádegisstað, voru landfræðihugmyndir jafnvel þeirra, sem mest þóttu vita, hinar fráleitustu. En svo fer að koma skriður á, og þó aldrei meiri en síðustu hundrað árin. En hversu mikið vantar þó enn á, að vel sé og sannast að segja, þá er mannkynið ennþá ekki komið á þá leið, sem stefnir að réttu marki. Helstefnan ræður ennþá, og í útvarpsfréttunum í kvöld var þess getið, að Smuts herforingi, einn af vitrustu stjórnáráðgjöfnum, hefði í ræðu látið í ljós ugg um, að yfirvofandi væru ægilegri hörmungar en nokkrar, sem sögur

fara af. Ennþá er skilningurinn á því ekki nógu ljós og nógu almennur, að vandamál þau, sem mannkynið þarf að leysa úr, eru óviðráðanleg, nema til komi miklu betra samkomu- lag og fullkomnari samtök manna á milli og þjóða, en hingað til hefir verið af að segja.

II

Þá hófst í kvöld annar merkilegur fræðsluþáttur útvarps- ins, með hinu ágæta erindi Pálma Hannessonar um eldgosið mikla 1783. Er þar efni, sem allir þurfa að fræðast um, sem nokkurn áhuga hafa á sögu þjóðar vorrar og vita vilja, hvað í henni býr og hvers af henni má vænta, þegar ástæður verða lífvænlegar. Séra Jón Steingrímsson jók því á aðra verðleika sína, að segja með nákvæmni frá viðburðum þessum, sem nálega má segja, að minni á feiknir Opinberunarbókarinnar. Það hefir ekki verið kjarklaust fólk, sem viti sínu hélt og stillingu, þegar slík ósköp dundu á. En sé litið á jarðsögu landsins, þá eru feiknir þessar einn þátturinn í viðburðaröð, sem um nokkur hundruð þúsund ár hefir miðað til að færa strönd landsins suður á við, og vinna aftur frá hafinu það, sem tapast hafði frá því landið náði út þangað, sem nú er grunnbrúnin, á 200 metra dýpi. Mætti í þessu sambandi minna á Vestmannaeyjar, sem eru einn árangur slíkrar við- leitni, og líklega svo sem 100.000 ára gamlar eða hátt í því, og mun þar þó ekki vera nema tæpur helmingur eftir af því, sem einu sinni var. Og getur verið að ég segi eitthvað meira af þeirri sögu seinna.

III

Íslenska þjóðin var á þessum árum eftir 1780, sem ég býst við að P. H. eigi enn eftir að segja oss nokkuð af, í þeim vanda stödd, að frá því landið byggðist, hafði varla eins illa horft. Og þó hygg ég, að sá háski, sem nú vofir yfir þjóðinni, sé ennþá meiri; því að ef sú hríð dynur á, mundi tæplega verða rétt við aftur. Gæti jafnvel svo farið, að ekki liði meir en 10-20 ár, áður þau tíðindi yrðu, er mörgum mundu virð- ast sem upphaf að endalokum íslensku þjóðarinnar. Sumt

það, sem hér gerist, er af því tagi sem sérstaklega miðar til að skapa það samband við illa tilverustaði, sem svo mjög er háskasamlegt fyrir einstakar þjóðir og allt mannkyn, og mönnum er því miður svo alltof lítið kunnugt um. En samt er ég ennþá að vona, að voðanum verði afstýrt, og að upp muni renna fyrir þjóð vorri og öllu mannkyni, þeir tímar, að slíkir hafa aldrei verið áður. En þó mun það ekki verða, nema samband náist við hin betri tilverustig. Á ég þar ekki við neitt yfirnáttúrulegt. Mun það sýna sig, að vísindamaðurinn meðal ensku biskupanna, Dr. Barnes, var ekki að ýkja, þegar hann talaði um, hversu stórkostlegar mundu verða afleiðingarnar af því fyrir mannkyn jarðar vorrar, að ná sambandi við lengra komna íbúa stjarnanna. En hvað getur orðið til að greiða fyrir því, að svo verði? Virðist þar þungt fyrir. Því stórkostlegri sannleik, sem um er að ræða, og því meira sem á því ríður, að hann öðlist fylgi, því erfiðara virðist hann jafnan hafa átt uppdráttar hér á jörðu, því meiri hefir sljóleikinn verið og óvildin. Einmitt af því, að ég segi yður sannleikann, trúið þér mér ekki, sagði Jesús. Og hér á landi hefir árum saman verið gerð mjög ótrúleg tilraun til að spilla fyrir hinu mikla sambandsmáli, tilraun, sem varla verður hjá komist að kalla djöfullega, svo illt er það innræti og svo rangsnúinn sá hugsunarháttur, sem þar kemur til greina. Veit ég, að allir góðir drengir munu þess einlæglega óska, að þeir verði ekki fyrir skammsýni sakir í liði með þeim illu öflum, sem svo mjög hafa háð gæfu þjóðar vorrar, og nú enn á þessum síðustu tímum, þegar betur virtist þó rofa til en nokkru sinni áður, hafa gert vart við sig á mjög óvæntan og undirförulan hátt.

Febr. '35.